

Fundargerð 451. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2023, föstudaginn 24. mars kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Dóra Björk Gunnarsdóttir. Arnfríður Eide Hafþórsdóttir og Elliði Vignisson tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Að auki sat fundinn: Flosi Hrafn Sigurðsson, lögfræðingur og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 450. fundar - 2301001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 450. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 17. febrúar 2023 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Umsögn um frumvarp til breytinga á hafnalögum nr. 61/2003 - EES innleiðing - 2303002HA

Lögð fram til kynningar umsögn hafnasambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 6. mars 2023, um frumvarp til breytinga á hafnalögum nr. 61/2003 - EES innleiðing, 712. mál.

Gunnar Tryggvason gerði grein fyrir fundi sem hann átti með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 16. mars sl.

3. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 612003 - gjaldtaka o.fl. - 2303001HA

Lögð fram til kynningar umsögn hafnasambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 6. mars 2023, um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003 um gjaldtöku o.fl., mál nr. S-37/2023.

Flosi Hrafn Sigurðsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði Sambands íslenskra sveitarfélaga, fór yfir þær breytingar sem hafa verið gerðar á frumvarpinu og bar þær saman við þær athugasemdir sem hafnasambandið gerði við frumvarpið.

4. Tillaga hafnasambandsins að nýjum hafnalögum - 2301003HA

Lögð fram að nýju tillaga að nýjum hafnalögum, áður á dagskrá stjórnar hafnasambandsins 17. febrúar 2023.

5. Veidafærasamningur við SFS - samstarfsráð - 2012002HA

Lögð fram að nýju drög að samstarfsyfirlýsingu milli Hafnasambands Íslands, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Sambands íslenskra sveitarfélaga um ráðstafanir til að stuðla að bættri söfnun og úrvinnslu veiðarfæraúrgangs,

dags. 14. febrúar 2023. Formaður gerði grein fyrir stöðu mála.

Flosi Hrafn fór af fundi kl. 12:10.

6. Orkuskipti í höfnum og haftengdri starfsemi - 2303003HA

Formaður gerði grein fyrir fundi sem hann átti við fulltrúa umhverfissráðuneytisins 9. mars sl.

Gunnar Tryggvason vék að fundi kl. 12:25.

7. Dagskrá hafnafundar 2023 - 2211002HA

Lögð fram fyrstu drög að dagskrá hafnafundar sem haldinn verður í ráðstefnusal Hafrannsóknarstofnunar í Hafnarfirði 20. október 2023.

Stjórn þakkar fyrir þessar tillögur og felur fræðslunefnd að vinna málið áfram.

8. Fundargerð Siglingaráðs - 2009019HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 38. fundar Siglingaráðs frá 2. febrúar 2023.

Fundi var slitið kl. 13:00

Lúðvík Geirsson

Gunnar Tryggvason

Pétur Ólafsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Arnfríður Eide Hafþórsdóttir

Pórdís Sif Sigurðardóttir

Elliði Vignisson

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Dóra Björk Gunnarsdóttir